

Miðaldakirkjugarður:

Fluttur úr stað

— síðan vígður á ný



Veglegur minnisvarði hefur verið settur yfir moldir þeirra 750 manna sem greftraðir voru í gamla garðinum í fullar sjö aldir — en síðan fluttir um set á nýjum tímum.

HR — í gær fór fram merkileg athöfn uppi í Gufunesi. Endurvígður var gamall kirkjugarður sem þar hefur verið allt frá 13. öld. Hafði hann verið fluttur úr stað vegna framkvæmda á vegum Aburðarverksmiðjunnar og settur niður 100 m austur en hann hafði áður staðið.

Við athöfnina í gær flutti Hjálmar Finnsson, forstjóri Aburðarverksmiðjunnar ávarp, en bisk-



Gengið að nýjum garði utan um gömul bein: Fremstir fara hr. Sigurbjörn Einarsson biskup og Hjálmar Finnsson forstjóri aburðarverksmiðjunnar í Gufunesi.

upinn, herra Sigurbjörn Einarsson og sr. Birgir Asgeirsson sóknarprestur í Mosfellssveit vígðu garðinn.

NÝ RÉTT AÐ STAFNI Í SVARTÁRDAL

As/Mælifelli 15.9 — Ný rétt var tekin í notkun í gær á hinum kunna réttarstað í landi Stanfs í Svartárdal.

Almenningur hinnar nýju réttar er hringlaga og í honum miðjum lítið hólf fyrir ómerkinga og til töfludráttar og virðist það til mikils hagræðis.

Talið er að almenningurinn taki 2000 fjár, en renna er úr stóru hólfi við réttina í almenninginn svo að greiðlega gekk að reka féð hinn langa réttardag, en dregið var látlaust frá klukkan 8 að morgni til klukkan 17 um daginn, eða í fullar 9 klukkustundir.

Stafnsréttinn nýja er mikið mannvirki og næsta tilkomumikið að sjá yfir hana á réttardaginn ofan úr brekkunum. Vegna landþrængsla er hún sporöskjulöguð, þ.e. dalkarnir að austan og vestan til muna styttri en að sunnan og norðan. Taka þeir allt að 22 þúsund fjár og eru merktir einstökum bæjum, þótt margir séu um suma dalkana, einkum úr Lýtingsstaða- og Seiluhreppum, en þær sveitir að hluta ásamt með stærstum hluta Bólstaðahlíðarhrepps, eru aðilar Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar, sem lét byggja hina nýju rétt. Meðal bæja austan Kiðaskarðs sem eru einir um dalk eru Reykjavellir í Neðribyggð.

Vakti það verðskuldaða at-

hygli, að þar skyldi vera allrúmt, enda kunnugt að Pétur Pálmarsson, bóndi á Reykjavöllum, hefur lagt inn þyngstu lömbin hjá Kaupfélagi Skagfirðinga s.l. haust.

Vel og snyrtilega er frá öllu gengið, þótt telja megi óþægindi af grófri mól í almenningi. Um hann er steypdur hringur en járnbogar yfir hliðum. Ytri hringur og milliverk eru trégrind á síma-staurum sem gegna nýju þörfu hlutverki, en plasthúðað garðanet strengt á grindina.

Meðal hins mikla mannfjölda er þarna var samankominn heyrðist engin rödd er lastaði þetta merka og loflega framtak, þótt ýmsir sakni gömlu réttarinnar og grjóthlöðnu veggjanna, eins og Jóhann Guðmundsson í Stapa sem varð að orði:

Réttin ný er reynd í dag/ runnin gömul saga/ þetta er allt með öðrum brag/ en í fyrri daga.

Engin sérstök athöfn fór fram í tilefni þessara tímamóta í Stafnsrétt. Skulu því ekki nefnd nöfn, nema getið Sigurjóns Guðmundssonar á Fossum sem réttarsmiðin hefur mest mætt á f.h. Upprekstrarfélagsins.

A miðvikudeginum var minna um að vera við Stafnsrétt en vant er þann dag, enda stóðréttin úr sögunni, þar sem hrossarekstur á afrettina er nær aflagður.

Haustsýning FÍM

Í dag laugardag er opnuð hin árlega Haustsýning Félags Ísl. myndlistarmanna, en sýningin verður að þessu sinni haldin í húsakynnum FÍM að Laugarnesvegi 112.

Að þessu sinni er sýningin einvörðungu fyrir félagsmenn, en oftast en hitt hefur utanfélagsmönnum verið gefinn kostur á að senda verk á sýninguna.


25 listamenn eiga verk á sýningunni, en myndirnar eru um 70 talsins.

Sýningarnefnd skipa Þóroddur Hall, Gunnar Örn Gunnarsson, Eyjólfur Einarsson, Sigrún Guðjónsdóttir og Helgi Gíslason.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 15-19, nema laugardaga og sunnudaga frá 15-22.

Sýningunni lýkur 24. þ. mánaðar.

JG




Frá Haustsýningu FÍM 78. Tuttugu og fimm listamenn eiga verk á sýningunni, málverk, teikningar, grafík, skulptúr, vefnað og steinleir. Verði er stíllt í hóf að sögn forráðamanna og eru myndir á bilinu 26-170 þúsund kr. Tímamynd: Tryggvi

Jón Þ. Þór - skrifar um heimsmeistaraeinvígið:

Kortsnoj hélt örugglega jafntefli

Biðstaðan



Um leið og þeir Karpov og Kortsnoj tóku til við biðskákina

úr 22. einvígisskákinni kom í ljós, að Kortsnoj hafði fundið örugga jafnteflisleið. Framhaldið tefldist þannig:

47. — axb2

(Biðleikur Kortsnojs, sem varla hefur komið Karpov á óvart. Eftir 47. — Hxb2 eru vinningslíkur hvíts mun meiri). 48. Bd2

(Eftir 48. Bc3 héldi svartur jafntefli á svipaðan hátt sem í skákinni, en gæti einnig reynt 48. — b1D+ ásamt Hxa2) 48. — He7

49. a4 — Hd7+

50. Kc2 — Kh7

51. Hxb2

(En ekki 51. Hxe8?? vegna 51. — Hxd2+! 52. Kb1 Hd4 og svartur vinnur)

51. — h5!

(Peðauppskipti á kóngsvæng eru svörtum lífsnauðsyn)

52. gxh5 — Rd6

53. Ha2 — Rxf5

54. a5 — Rd4+

55. Kc3 — Rc6

(Nú er staðan jafntefli. Hvíta fripeðið kemst aldrei lengra en

til a7, þar sem riddaranum yrði fórn að það, og þéðinu á h5 fær hvítur ekki haldið).

56. a6 — Hd5

57. Bf4 — Hf5

58. Bd6 — Hd5

59. Bg3 — Hg5

60. Bf2 — Hxh5

61. Kc4 — Ra5+

(Svartur má auðvitað ekki leyfa hvítum að leika Bc5 og síðan Kb5).

62. Kc3 — Rc6

63. Ha4 — Kg8

64. Kc4 — Ra5+ og hér sáu keppendur fram á tilgangsleysi frekari taflmennsku og urðu ásáttir um jafntefli.

Lokastaðan.

